9. stjórnarfundur

25. janúar 2017

Fundarstaður: Veitingastaðurinn Geiri smart. 25. janúar 2017, kl. 17:30-19:00

Mættar: Harpa Þórunn Pétursdóttir, Birta Kristín Helgadóttir, Guðbjörg Óskarsdóttir, Petra Steinunn Sveinsdóttir og Helga Barðadóttir, sem ritaði fundargerð.Forföll boðuðu Auður Nanna Baldvinsdóttir, Elín Smáradóttir, Hjördís Sigurðardóttir, Íris Baldursdóttir og Vigdís Harðardóttir.

1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir 7. og 8. fundar voru samþykktar með smávægilegum orðalagsbreytingum.

2. Heimasíða – Forgangsmál

Búið að stofna síðuna og unnið að því að setja inn efni.Búið að kaupa vefföngBúið að kaupa aðgang að vefforritinu VIXStefnt að því að kynna síðuna á aðalfundi KÍÓ.

3. Styrktarmál

Búið er að skrifa undir styrktarsamning við HS-ORKU. Styrkupphæð 325.000 á ári í tvö ár.Viðræður eru í gangi við Landsnet um að fyrirtækið styrki félagið.

4. Iceland Geothermal

Formaður hefur verið í sambandi við framkvæmdastjóra IG um mögulega aðild KÍÓ að klasanum. Samþykkt að veita formanni heimild til að leita formlega eftir aðild að IG.

5. Fundir menntanefndar

Menntanefndin hefur fundað með Ara Kristni Jónssyni, rektor HR og Jóni Atla Benediktssyni, rektor HÍ. Viðbrögð mjög jákvæð og háskólarnir opnir fyrir samstarfi við KÍÓ.Nokkrir punktar frá fundunum:Mikilvægt að ná til iðngreinasambandanna.HR er með viðburð sem nefnist „Tæknistelpur“ þar sem markhópurinn eru 13-15 ára stelpur.Framadagar 2017 verða haldnir 9. febrúar n.k. og hefur KÍO þegið boð um að vera með bás. Sjá dagskrárlið 6.Mikilvægt að ná til stúlkna á 2. ári í menntaskóla.

6. Framadagar – Skipulag

Svokallaðir Framadagar skiptinemasamtakanna AIESEC eru haldnir árlega í HR.Viðburðurinn hefur verið vel sóttur undanfarin ár, en þar fá háskólanemar tækifæri til að kynnast fyrirtækjum og möguleikum um framtíðarstörf. Framadagar 2017 verða haldnir 9. febrúar n.k. o g hefur félagið þegið boð um að vera með bás án endurgjalds. Hægt verður að kaupa aðgang að auglýsingu á bæklingi og heimsíðu verkefnisin.Kanna þarf áhuga meðal stjórnarkvenna um að manna básinn. Birta sendir tímaskjal til innfyllingar varðandi viðveru á básnum.

7. Skýrslan

Formaður hefur kallað eftir uppl. frá Ernst og Young, en lítil framvinda hefur verið fram til þessa en formaður mun leggja áhersla á að verkið fari í fullan gang. Erum með 3 áhugasama aðila sem vilja eiga aðkomu að skýrslunni með sérstöku framlagi.

8. Aðalfundur 2017 (fyrir lok 4´17)

Rætt um aðalfund, dagsetningu og dagskrá fundar.Ákveðið að stefna á aðalfund 27. apríl. Staður verður ákveðinn síðar.Mikilvægt að skýrslan verði til búin 27. mars svo hægt verði að fara yfir niðurstöður og kynna á aðalfundi.Dagskrá aðalfundar:Skýrsla stjórnar lögð fram vegna síðasta rekstrarárs. Hægt að styðjast við fundargerðir við gerð skýrslunnar.Uppgjör ársins 2016Reikningar félagsins – skipa þarf gjaldkeraÁkvörðun félagsgjaldsSkoða væntanlegar tekjur – gera viðskiptaáætlunRætt um að lagt verði til að ekki verði lögð á félagsgjöld fyrir árið 2017. Verður endurskoðað að ári.Önnur mál

9. Árshátíð KíO eftir aðalfund?

Ákveðið var að kanna möguleika á að halda árshátíð félagsins að loknum aðalfundi. Birta verður í forsvari undirbúningshóps. Tillögur um framkvæmd verða kynntar á næsta fundi.

10. Næsti viðburður

KÍÓ tekur þátt í FramadögumBBA býður KÍÓ að taka þátt í útgáfuteiti á skýrlsunni „Geothermal Transparency Guide“ þann 16. febrúar n.k. Verður auglýst betur þegar nær dregur.

11. Heimsókn í RARIK

Harpa og Guðbjörg heimsóttu Rarik og Orkusöluna og voru með opna kynningu. Fengu mjög jákvæð viðbrögð og margar nýskráningar í félagið eftir heimsóknina.

12. Netagerð við konur frá öðrum löndum

Auður Nanna leggur til að við höldum viðburð þar sem konum í Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna verður boðið og starfsemi KÍO kynnt. Verður rætt betur á næsta fundi.

13. Önnur mál

Ungir umhverfissinnar hafa óskað eftir fundi. Óska eftir að kynna sig fyrir KÍÓ. Bókaður fundurSamstarf við SamorkuAuður og Harpa hittu Pál Erland nýráðinn forstjóra og Lovísu Árnadóttur, upplýsingafulltrúa. Á fundinum kom fram mikill áhugi Samorku um samstarf við KÍO. Ákveðið var að KÍÓ hafi beina aðkomu að Samorkuþingi í maí. Skoðað veðrur nánar með hvaða hætti aðkoma KÍO verður, svo sem með fyrirlestrum og kynningum. Skálað var fyrir ráðningu nýs bankastjóra Landsbankans og minnt á mikilvægi þess að konur komist í áhrifastöður og verði fyrirmyndir.Rætt um möguleika þess að öflugum orku-konum verði veitt viðurkenning fyrir forystu i orkumálum. Verður rætt betur á næsta fundi.

Formaður boðar næsta fund eftir miðjan febrúar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið